



Þann 1. janúar 2022 tóku á Íslandi gildi ný lög um samþætta þjónustu í þágu **farsældar barna** og í kjölfarið hófst innleiðingarferli sem enn stendur yfir. Lögin byggja m.a. á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og eiga við um öll börn frá 0-18 ára aldurs. Markmið laganna er að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.

Samþættri þjónustu er skipt upp í þrjú stig eftir því hversu mikil og víðtæk þjónustubörfín er. *Fyrsta stigs* þjónusta nær yfir grunnþjónustu og einstaklingsmiðaðan stuðning þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun til að fyrirbyggja frekari vanda. Undir *annars og þriðja stigs* þjónustu felast sérhæfðari úrræði á vegum félagsþjónustu og/eða barnaverndar.



Samkvæmt lögnum skulu öll börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í skóla. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og

styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar.

Tengiliður Grunnskóladeildar Þingeyjarskóla er:

Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir, stoðteymisstjóri. Netfang: helga@thingskoli.is

Tengiliður Leikskóladeilda Þingeyjarskóla er:

Nanna Marteinsdóttir, leikskólastjóri. Netfang: nanna@thingskoli.is

Á eftirfarandi vefslóð www.farsaeldbarna.is má finna nánari upplýsingar um hvað löggjöfin felur í sér og hvert hlutverk tengiliða er. Þar er líka [aðgengilegt myndband](#) sem lýsir í stuttu máli því sem lögin fela í sér. Einnig er tengill með Farsæld barna á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu (www.bofs.is). Þar er hægt að kynna sér farsældina enn betur.

Hafi barn eða forsjáraðilar áhyggjur af stöðu barns og óska eftir stuðningi eða upplýsingum um þjónustu geta þau óskað eftir fundi við tengilið. Á þeim fundi er staðan metin, farið yfir fyrsta stigs úrræði sem í boði eru auk þess sem metin er þörf á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.